

# Bókasafnið á Húsavík

## Ársskýrsla 2010

### Hlutverk og þjónusta

Árið 2010 var starfsemi bókasafnsins með hefðbundnu sniði og snerist að mestu um upplýsingaþjónustu og útlán safnefnis. Þar verða flóknari heimildaleitir og útvegum gagna í millisafnalánum sífellt viðameiri þáttur í starfinu, auk þess sem stöðug aukning er í millisafnalánum frá okkur til annarra safna. Boðið er upp á útlán bóka og tímarita, upplýsingaþjónustu, tölvuaðgang, margvíslegt fræðsluefni á myndböndum og margmiðlunardiskum, myndbönd/mynddiska til útleigu, útlán til skipa og stofnana, millisafnalán, safnkynningar, *bókin heim* og fleira. Myndbönd eru lánuð út endurgjaldslaust en mynddiskar eru leigðir út gegn vægu gjaldi. Þá er boðið upp á prent- og ljósritunarþjónustu og hefur verið aukning í því meðal einstaklinga og smáfyrirtækja.

Þess má einnig geta að Bókasafnið á Húsavík veitir öðrum söfnum á svæðinu margvíslega þjónustu. Má þar nefna millisafnalán, veita upplýsingar og ráðgjöf og að vera milligönguaðili við Landskerfi bókasafna. Sömuleiðis sér safnið um alla skráningu og frágang bóka fyrir bókasafn Borgarhólsskóla. Mikið er um millisafnalán, þar sem bækur og annað efni er ýmist fengið að láni frá öðrum söfnum eða að við sendum til annarra safna. Þjónusta við námsfólk og þá sérstaklega háskólanema, er vaxandi þáttur í starfseminni enda orðið algengt að fólk stundi nám í sinni heimabyggð með fjar- eða dreifnámi.

Safnið leitast við að rækja það hlutverk sitt að hafa bæði nýtt og eldra efni til útláns handa viðskiptavinum sínum og eiga eitthvað við allra hæfi enda gestir safnsins margbreytilegur hópur á öllum aldri. Sú breyting varð á haustmánuðum að almenningsbókasöfn hættu að sjá um útlán á vegum Blindrabókasafns Íslands sem nú sér sjálft alfarið um sína lánþega.

Árgjald í safnið var það sama og árið áður eða kr. 1400.- Aldraðir og börn að 18 ára aldri fengu ársskírteini endurgjaldslaust, sem og námsmenn og öryrkjar.

### Opnunartími

Bókasafnið var opið frá kl. 10 – 18 mánudaga, þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga og frá kl 10 – 17 á föstudögum eða samtals 39 klukkustundir á viku. Opið var alls 238 daga.

### Bókin heim

Bókin heim er þjónusta við aldraða og öryrkja í formi þess að færa þeim heim safnefni annan hvern föstudag. Bókaverðir taka til efni fyrir hvern og einn og Soroptimistakonur sjá um að koma því til skila. Þjónusta við Heibrigðisstofnun Þingeyinga var einnig veitt fyrri part árs með sendingu sérstakra bókakassa frá safninu á Heilbrigðisstofnunina, en sú þjónusta lagðist af um mitt ár.

### Útlán

Samkvæmt skráningu voru útlán ársins 33.555 talsins en árið 2009 voru þau hins vegar 34.764. Ef litið er til þess að safnið var lokað mestallan janúarmánuð vegna flutninga er þó ekki um samdrátt í útlánum að ræða, því ef aðeins er litið á febrúar til desember voru útlán 32.025 miðað við 31.746 á sama tíma árið áður og því er í raun um aukningu að ræða.

Bækur voru vinsælastar þeirra gagna sem lánuð voru út á árinu (67,4%), næst vinsælust eru tímaritin (18,2%) og þar á eftir myndbönd og mynddiskar (8,9%). Meðalútlán á dag voru tæplega 143 eintök sem verður að teljast mjög gott.

Hafa ber í huga að útlánatölur segja ekki alla söguna um notkun Bókasafnsins, því margir koma á safnið eingöngu til að lesa blöð og tímarit, nota tölvurnar, fá ljósritunar- eða prentþjónustu, horfa á myndbönd/DVD eða leita upplýsinga um allt milli himins og jarðar.

### Lánþegar

Skráðir lánþegar í tölvukerfinu Gegni voru 831 í lok árs en hafa ber í huga að þá eru ekki taldir með þeir lánþegar sem koma reglulega í safnið en voru með útrunnið árskort þegar talningin fór fram. 73 nýir einstaklingar gengu í safnið á árinu.

### Safngögn

Tölvuskrað safngögn voru í lok ársins 47.021 eintök, en 46.476 árið 2009. Mikið hefur verið dregið saman í innkaupum síðustu ár vegna niðurskurðar, og á það sérstaklega við um myndefni og tímarit, en þó eru enn keypt mörg helstu tímarit sem gefin eru út hérlendis. Bókasafnið kaupir héraðsfréttablaðið Skarp og varðveitir öll blöðin og er auk þess áskrifandi að Morgunblaðinu.

### Millisafnalán

Námsfólk og aðrir nýta sér það í síauknum mæli að safnið hefur milligöngu um lán frá öðrum bókasöfnum. Lánaðar voru bækur og önnur gögn til safna í Þingeyjarsýslum eins og undanfarin ár, til dæmis til Bóka- og byggðasafns Norður-Þingeyinga, Öxarfjarðarskóla og Bókasafnsins á Raufarhöfn svo einhver séu talin. Einnig voru safngögn send til annarra safna víðs vegar um landið og má þar nefna Amtsbókasafnið á Akureyri, Bókasafn V-Húnavatnssýslu og bókasafn Héraðsbúa.

Fengnar voru bækur að láni frá ýmsum söfnum á landinu, flest frá Amtsbókasafninu á Akureyri og Landsbókasafni en einnig frá fjölmörgum öðrum söfnum, almennings- skóla- og sérfræðisöfnum.

### Starfsfólk

Stöðugildi voru 2.7 árið 2010 eins og undanfarin ár. Forstöðumaður Eyrún Ýr Tryggvadóttir var í orlofi fram í ágúst og leysti Guðrún Kristín Jóhannsdóttir hana af eins og fyrra ár. Þá var einn bókavörður í fullu starfi, Sigrún Kjartansdóttir og einn bókavörður í sjötíu prósent starfi, Kristín Magnúsdóttir. Bryndís Sigurðardóttir sinnti afleysingum.

### Viðburðir

#### Alþjóðlegi bangsadagurinn

Haldið var upp á hinn árlega Bangsadag þann 27. október. Börnum var boðið upp á bangsavideo, bangsaleiki í tölvu, börnin lituðu bangsamyndir sem hengdar voru upp og létt getraun var í gangi þar sem að sjálfsögðu var bangsi í verðlaun. Hafliði Jósteinsson sá um upplestur á bangsasögu. Mæting var frekar dræm.

#### Dagur íslenskrar tungu

Í tilefni af degi íslenskrar tungu þann 16. nóvember var verkum um og eftir Jónas Hallgrímsson stillt upp til kynningar, auk þess sem teknir voru saman fróðleiksmolar um ævi hans og störf og dreift til áhugasamra safngesta.

## Handverk

Í byrjun desember nutu gestir safnsins veglegrar sýningar á handverki eftir húsvískar listakonur. Jólakort og annað föndur sem tengist jólum og áramótum var uppistaða sýningarinnar. Er slík sýning fyrir löngu orðin árviss viðburður á safninu.

## Bókaupplestur

Eins og undanfarin ár var lesið upp úr jólabókum og spjallað um efni þeirra og höfunda. Að þessu sinni var lesturinn í samstarfi við Menningarmiðstöð Þingeyinga og var lestur í höndum dyggra viðskiptavina safnsins auk þess sem höfundarnir Lilja Sigurðardóttir og Þórunn Erlu-Valdimarsdóttir komu og kynntu nýjustu bækur sínar. Upplesturinn fór fram í anddyri safnahússins þann 9. desember kl. 20.00 og var mæting nokkuð góð.


## Annað



### Flutningur Bókasafnsins

Í október 2009 var tekin sú ákvörðun að flytja Bókasafnið niður um eina hæð í Safnahúsinu. Flutningur safnsins fór fram í ársbyrjun 2010 og var safnið lokað af þeim sökum mestallan janúar. Verður það að teljast mjög gott að þurfa aðeins að loka í svo skamman tíma því það er mikið verk að flytja heilt bókasafn á milli hæða. Opnað var að nýju 25. janúar og hefur breytingin mælst vel fyrir hjá safngestum. Þrátt fyrir að stærð safnsins sé sú sama og áður rúmast það betur enda skipulagið annað. Það var Kristín Magnúsdóttir bókavörður sem hannaði uppsetningu safnsins og fórst það vel úr hendi. Þá er starfsmannaaðstaða mun betri en áður var, enda nú komið rennandi vatn á kaffistofu. Loks er aðgengi fatlaðra allt annað og betra þar sem nú er gengið inn á jarðhæð.

### Könnun

Í október var gerð einföld könnun á meðal notenda safnsins þar sem könnuð var afstaða þeirra til flutninganna, opnunartíma og þjónustu. Niðurstöður vou mjög ánægjulegar eins og sjá má á þessum myndum:





### Almennt

Reynt var að halda uppi sambærilegri þjónustu og verið hefur árið 2010 þrátt fyrir töluverðan niðurskurð í fjárveitingum til safnsins. Starfsmenn hafa lagt sig fram um að veita góða og vandaða þjónustu ásamt því að gæta fyllsta aðhalds í innkaupum og öðrum rekstri og má þar nefna að við flutninga safnsins voru nýttar svotil allar hillur og önnur húsgögn sem til voru en ekkert keypt nýtt.

Sveitarfélagið Norðurþing á og rekur alls þrjú almenningsbókasöfn. Um er að ræða Bókasafnið á Húsavík, Bókasafnið á Kópaskeri og Bókasafnið á Raufarhöfn. Reynt er að hafa samráð um innkaup á t.d. fræðibókum, þar sem ágætlega gengur að nýta millisafnalán á slíkum bókum og öðru efni sem ekki er mikið í útláni.

Þá er reynt að halda heimasíðu bókasafnsins lifandi með því að setja inn helstu fréttir og tilboð ásamt nýjasta efni sem keypt er á safnið auk þess sem safnið er komið á samskiptavefninn Facebook og nýtist sá vettvangur ágætlega til að koma upplýsingum áleiðis til viðskiptavina.

Húsavík 30. mars 2011,

Eyrún Ýr Tryggvadóttir  
Forstöðumaður Bókasafnsins á Húsavík